

Ár 2013, laugardaginn 29. júní, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni og Kolbeini H. Stefánssyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör forstjóra Fjármálaeftirlitsins

I.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, sbr. 8. gr. laga nr. 87/2009, ákveður kjararáð laun og starfskjör forstjóra Fjármálaeftirlitsins (FME).

II.

Með bréfi dagsettu 30. maí 2012 óskaði stjórn FME eftir því að kjararáð úrskurðaði að nýju um laun forstjóra þess, en á þeim tíma stóð yfir ráðningarferli nýs forstjóra. Vísað var til úrskurðar ráðsins um laun forstjórans frá árinu 2010 en samkvæmt ákvörðunarorði gildi hann um launakjör þáverandi forstjóra.

Í bréfinu segir að hlutverk FME sé að stuðla að heilbrigði fjármáلامarkaðarins, en það skuli hafa eftirlit með að fjármálastarfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir hverju sinni. FME gegni einnig veigamiklu hlutverki við mótun löggjafar, einkum innleiðingu evrópugerða sem um markaðinn gilda. Þá sé eftirlitinu falið að setja fjölmargar reglur um útfærslu á lagaákvæðum, auk þess sem það geti sett leiðbeinandi tilmæli. Í bréfinu segir að FME veiti starfsleyfi og leyfi til að fara með virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki. Það ákvarði hvaða kröfur séu gerðar til eiginfjár fjármálafyrirtækja eða gjaldþols váttryggingafélaga. Þá kemur fram að FME séu veittar heimildir til að fylgja eftir ákvörðunum sínum með ýmsum þvingunarráðstöfunum og refsikenndum viðurlögum. Þannig geti það svipt fjármálafyrirtæki starfsleyfi, vikið framkvæmdastjóra eða stjórnarmanni úr starfi eða lagt á stjórnvaldssekt. Þá gegni FME æ ríkara hlutverki við að stuðla að fjármálastöðugleika í þjóðfélaginu. Byggð hafi verið upp öflug eining innan stofnunarinnar sem rannsaki meint brot gegn þeim sérlögum sem eftirlitið skal fylgja eftir, en saksóknari hafi ekki heimild til að hefja rannsókn á slíkum brotum nema að undangenginni kæru FME. Í bréfinu kemur fram að FME hafi eftirlit með öllum greinum fjármálaþjónustu. Með öðrum orðum hafi það eftirlit með viðskiptabönkum, sparisjóðum og öðrum lánastofnunum, váttryggingafélögum, váttryggingamiðlurum, verðbréfasjóðum, lífeyrissjóðum og slita-stjórnunum. Alls séu þetta um 128 aðilar og hafi aldrei verið fleiri. Álag hafi aukist gríðarlega á stofnunina vegna ástandsins á fjármálamörkuðum. Þá kemur fram að FME hafi verið undir smásjá erlendra og innlendra úttektaaðila á undanfórnum árum. Ráðist hafi verið í róttækar skipulagsbreytingar þar sem skipulagi stofnunarinnar hafi verið breytt frá því að fara eftir greinum fjármáلامarkaðarins í verkefnaaðað skipulag.

Í bréfinu segir jafnframt að forstjóri beri ábyrgð gagnvart stjórn á daglegum rekstri og stjórnun. Hjá stofnuninni starfi nú um 122 starfsmenn og fari fjölgandi. Um 95% þeirra séu háskólamenntaðir, flestir með meistaraáráðu í sínu fagi. Fram kemur að gerðar séu kröfur um að stofnunin standi fyrir sérhæfðri þjálfun starfsmanna til að þeir geti gegnt vandasömum störfum þar sem beita þurfi faglegu mati og greiningu á upplýsingum, en það sé grundvöllur fyrir ákvörðunum sem varði hvern og einn eftirlitsskyldan aðila miklu. Forstjórinn þurfi að vera fyrirmynd og leiðtogi þessa stóra hóps starfsmanna. Ljóst sé að starf forstjóra yfir svo flókinni og sérhæfðri starfsemi geri miklar kröfur. Hann sé talsmaður stofnunarinnar innanlands sem utan, gagnvart eftirlitsskyldum aðilum, á vettvangi opinberrar umræðu, fyrir nefnd um fjármálastöðugleika, gagnvart ráðherra nefnd um efnahagsmál og í samstarfi við Seðlabanka Íslands. Hann sitji sem áheyrnarfulltrúi í stjórnarnefndum evrópsku eftirlitsstofnanna þriggja (Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni, Evrópsku eftirlitsstofnuninni

með tryggingum og starfstengdum lífeyri og Evrópsku eftirlitsstofnuninni með verðbréfa- og fjármálamörkuðum). Þannig þurfi hann, auk þess að stýra stofnuninni að vera vel að sér um öll þau mál sem hún beri ábyrgð á. Í bréfinu kemur fram að samkvæmt ráðningarsamningi skuli forstjórinn helga FME alla starfskrafta sína og hann gegni ekki launuðum aukastörfum nema með samþykki stjórnarformanns. Laun og þóknanir fyrir setu í stjórnnum fyrir hönd FME renni til stofnunarinnar. Þá skuldbindi forstjóri sig til að gerast ekki starfsmaður, ráðgjafi, stjórnarformaður eða eigandi eftirlitsskylds aðila í a.m.k. sex mánuði frá starfslokum. Hæfniskröfur til forstjóra FME séu af sambærilegum toga og gerðar séu til æðstu stjórnenda innan fjármálamarkaða en launakjör hans séu talsvert lægri.

Að endingu er í bréfinu vísað til þess að ráðuneyti efnahags- og viðskiptamála leggi störf forstjóra FME að jöfnu við starf seðlabankastjóra og starf forstjóra Samkeppniseftirlitsins, en þessar stofnanir gegni lykilhlutverki við endurreisn íslenska efnahagskerfisins eftir bankahrunið. Segir í bréfinu að FME sé ein af mikilvægustu stofnunum ríkisins og gegni lykilhlutverki við að stuðla að heilbrigði íslensks fjármálamarkaðar. Viðvarandi álag og mikil vinna sem forstjóri inni af hendi í starfi sínu og í ljósi þess að hann þiggi engar greiðslur aukalega ætti að leiða til fjölda eininga til samræmis við seðlabankastjóra.

Með bréfum dagsettum 6. júní 2012 var fjármálaráðuneytinu og efnahags- og viðskiptaráðuneytinu gefinn kostur á að leggja fram greinargerðir vegna erindisins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006.

Í svari fjármálaráðuneytisins dagsettu 15. júní 2012 segir að fjármálaráðuneytinu sé ekki kunnugt um á hvern hátt starfsemi FME hafi breyst eða aukist frá því að kjararáð úrskurðaði síðast um launakjör forstjórans þann 23. febrúar 2010, að öðru leyti en fram komi í bréfi formanns stjórnar FME. Telur fjármálaráðuneytið eðlilegt að kjararáð horfi til þessa auk annarra viðmiðana við athugun á því hvort endurskoða skuli launakjör forstjórans.

Kjararáð skrifaði forstjóra FME bréf dagsett 13. júlí 2012. Með bréfinu fylgdu áður nefnd bréf stjórnar FME og fjármálaráðuneytisins. Jafnframt var forstjóranum tilkynnt að kjararáð hefði ákveðið að taka fjölda mánaðarlegra eininga allra þeirra sem færðust undir ákvörðunarvald ráðsins með lögum nr. 87/2009, þ.m.t. forstjóra FME, til skoðunar. Í bréfinu kom fram að meginmarkmið hennar væri að draga enn frekar úr innbyrðis ósamræmi í launum þeirra sem heyra undir kjararáð. Einnig yrði einingaverð hækkað og yrði hið sama og hjá öðrum þeim sem undir ráðið heyra. Mánaðarlegum einingum yrði fækkað á móti. Með bréfinu var forstjóranum gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við ráðið, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Í svari forstjórans dagsettu 10. ágúst 2012 er tekið undir ósk stjórnarformanns um endurskoðun launakjara til hækkunar. Þegar litið sé til vinnuframlags sé ekki ástæða til að fækka einingum. Fram kemur að bréf stjórnarformannsins geymi ágæta lýsingu á eðli og umfangi starfs forstjóra FME. Í bréfinu er einnig bent á að afar miklar kröfur séu gerðar til hæfis og óhæðis forstjórans, en samanburðarhópar varðandi starfsvettvang og launakjör starfi hjá fjármálafyrirtækjum og öðrum eftirlitsskyldum aðilum. Kemur fram að laun forstjóra séu lægri en algeng laun millistjórnanda hjá eftirlitsskyldum aðilum. Forstjórinn tekur undir að við ákvörðun launakjara forstjóra FME sé litið til launakjara seðlabankastjóra.

Svar barst frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti með bréfi dagsettu 11. september 2012. Í bréfinu er almennt tekið undir sjónarmið og rökstuðning sem fram koma í bréfi formanns stjórnar FME. Jafnframt segir að FME hafi sívaxandi og fjölpættu hlutverki að gegna til að stuðla að endurreisn fjármálakerfisins og heilbrigði fjármálamarkaðarins. FME hafi meðal annars það hlutverk að setja fjölmargar reglur um útfærslu á lagaákvæðum og gefa út leiðbeinandi tilmæli. Það hafi heimildir til að fylgja eftir ákvörðunum sínum með

Þvingunarráðstöfunum og refsiviðurlögum og geti þannig svipt fjármálafyrirtæki starfsleyfi, vikið framkvæmdastjóra eða stjórnarmanni úr starfi eða lagt á stjórnvaldssektir. Þá gegni FME æ ríkara hlutverki við að stuðla að fjármálastöðugleika í þjóðfélaginu og eigi um það náð samstarf við Seðlabanka og stjórnvöld.

Í bréfinu kemur fram að starfsmönnum FME hafi fjölgað allt frá árinu 2008. Sem dæmi má nefna að á árinu 2009 hafi starfsmönnum fjölgað vegna efnahagshrunsins og nýrra verkefna, svo sem eftirlits með innheimtustarfsemi, greiðsluþjónustu og slitastjórnnum. Þá hafi verið stofnuð sérstök rannsóknareining til að rannsaka afleiðingar og orsakir bankahrunsins. Frá þeim tíma hafi starfsmönnum fjölgað enn frekar, meðal annars vegna viðvarandi úrlausnarefna sem stofnunin glími við í kjölfar efnahagshrunsins og í tengslum við nýja stefnu stofnunarinnar haustið 2010 þar sem áhersla sé lögð á öflugar greiningar, vettvangsathuganir og strangara eftirlit.

Í bréfi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins segir jafnframt að endurreist traust á fjármálakerfi sé hvarvetna meðal mikilvægustu verkefna stjórnvalda. Styrkari eftirlitsstofnanir, skýrari leikreglur og betur skilgreint samstarf sé ofarlega á dagskrá í fjölþjóðlegu samstarfi. Uppbyggingar- og umbótaverkefni FME lúti að því að stofnunin uppfylli alþjóðlega staðla um bankaeftirlit, uppbyggingu áhættumatskerfis, innleiðingu á samræmdu verklagi, eflingu mannauðs og áframhaldandi þróun á upplýsingatæknikerfum stofnunarinnar, í samræmi við athugasemdir erlends sérfræðings sem á árinu 2011 hafi gert úttekt á starfseminni að ósk stjórnvalda. Hvarvetna í Evrópu sé unnið að umbótum á fjármáلامarkaði sem muni leggja auknar skyldur á FME. Þá segir að úrlausnarefni FME séu flókin, kalli á mikla sérfræðiþekkingu og víðtæk erlend tengsl. Æskilegt og eðlilegt sé að laun forstjóra endurspegli miklar hæfniskröfur sem fylgi forstjórastarfinu og hversu mikil áhrif starfsemi stofnunarinnar og fjármálakerfisins hafi á atvinnulíf og almenning í landinu. Fram kemur að FME lúti sérstakri stjórn líkt og Samkeppniseftirlitið og Seðlabanki Íslands. Ráðherra á hverjum tíma sé því ekki ætlað að hafa bein afskipti af daglegum rekstri FME eða þeim ákvörðunum sem kunna að vera teknar í stofnuninni eða stjórn hennar. Slík skipan hafi verið talin nauðsynleg til að tryggja sjálfstæði eftirlitsins enda séu því veittar víðtækar heimildir í lögum til að beita sér gagnvart eftirlitsskyldum aðilum. Að endingu segir í bréfinu að við mat á launakjörum sé hvorki æskilegt né eðlilegt að setja allar ríkisstofnanir undir sama hatt og stefna þannig að innbyrðis samræmi í launakjörum forstjóra þeirra allra. Eðlislíkar stofnanir sé þó hægt að flokka saman, svo sem Seðlabanka Íslands, FME og Samkeppniseftirlitið. Fram kemur að FME hafi margvíslega sérstöðu meðal ríkisstofnana og er það ósk ráðuneytisins að kjararáð taki tillit til þess við ákvörðun launakjara forstjóra stofnunarinnar.

Með bréfi dagsettu 25. september 2012 fékk forstjóri FME sent bréf atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þess.

Í bréfi forstjórans dagsettu 30. september 2012 er sjónarmiðum ráðuneytisins fagnað enda styðji þau röksemdir stjórnarformanns og forstjóra.

III.

Samkvæmt lögum nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi er markmið laganna að stuðla að því að fjármálastarfsemi sem lögin taka til sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur og samþykktir sem hverju sinni gilda um starfsemina. Eftirlit samkvæmt lögnum tekur til starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða og annarra fjármálafyrirtækja. Sérstök stofnun, Fjármálaeftirlitið (FME) fer með eftirlit samkvæmt lögnum. FME er ríkisstofnun sem lýtur sérstakri stjórn og heyrir undir ráðherra. Þriggja manna stjórn sem skipuð er af ráðherra fer með yfirstjórn FME. Hlutverk hennar er að móta áherslur í starfi og

fylgjast með starfsemi og rekstri FME og skal bera meiri háttar ákvarðanir undir stjórnina til samþykktar eða synjunar. Stjórnin ræður forstjóra sem annast daglega stjórnun á starfsemi og rekstri stofnunarinnar og ræður starfsmenn. Forstjóri skal hafa menntun á háskólastigi og búa yfir viðtækri þekkingu og starfsreynslu á fjármagnsmarkaði. FME skal fylgjast með að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur eða samþykktir sem um starfsemina gilda og að starfsemin sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. FME getur lagt dagsektir á aðila veiti hann ekki umbeðnar upplýsingar eða sinni ekki kröfum um úrbætur innan hæfilegs frests og tekur stjórnin ákvarðanir um dagsektir. Stjórnin getur líka lagt féviti á aðila sem brýtur gegn ákvörðunum sem teknar hafa verið af stjórn FME. Telji FME að refsiverð brot hafi verið framin á lögum eða reglum, sem FME ber að framfylgja, og það telur brotið meiri háttar, ber því að vísa þeim til lögreglu. Ákvörðunum FME verður ekki skotið til ráðherra.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar.

Með lögum nr. 87/2009 var kjararáði falið að ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutafélaga og annars konar félaga, einkaréttareðlis, sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins og félaga sem eru að meiri hluta í eigu þeirra. Að auki var einstökum lögum sem varða allmargar stofnanir og opinber hlutafélög breytt til þess að fela kjararáði að ákveða laun og önnur starfskjör framkvæmdastjóra þeirra, þar á meðal forstjóra Fjármálaeftirlitsins. Jafnframt var svo kveðið á í lögnum, að kjararáð skyldi við ákvörðun sína gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, yrðu ekki hærri en föst laun forsætisráðherra, eins og kjararáð hefði ákveðið þau.

Hinn 23. febrúar 2010 úrskurðaði kjararáð almennar forsendur ákvarðana um laun og önnur starfskjör þeirra sem með ofangreindum hætti bættust í þann hóp sem undir kjararáð heyrir. Þar sagði meðal annars að til þess að ná markmiði laga nr. 87/2009 um að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, yrðu ekki hærri en föst laun forsætisráðherra og til þess að komast hjá því að laun lækkuðu óhóflega, væri óhjákvæmilegt við ákvörðun launa þeirra sem úrskurðurinn næði til að víkja frá því markmiði kjararáðs að draga úr vægi eininga eins og áður hefði verið stefnt að. Tímabundið ósamræmi myndi því hljóttast á milli sumra þeirra sem hefðu heyrt undir kjararáð og þeirra sem við bættust.

Kjararáð ákvað forstjóra FME laun sama dag. Við ákvörðun mánaðarlegra eininga var gætt meðalhófssjónarmiða til þess að komast hjá því að laun hans lækkuðu óhóflega. Í ákvörðuninni kom einnig fram að hún gildi fyrir þann sem þá gegndi starfinu. Jafnframt sagði að búast mætti við endurskoðun einingafjölda allra þeirra sem undir kjararáð heyra eftir 1. desember 2010.

Með ákvörðun sinni frá 21. desember 2011 breytti kjararáð launum þeirra sem undir ráðið heyrir, annarra en þeirra sem færðust undir ákvörðunarvald þess með áður nefndum lögum nr. 87/2009. Með ákvörðuninni var launum breytt þannig að þau færu sem næst því að verða eins

og þau voru fyrir launalækkun þá sem grundvallaðist á lögum nr. 148/2008. Þetta var gert þannig að í flestum tilvikum fjölgaði mánaðarlegum einingum og einingaverð hækkaði. Eining er nú 1% af launaflokki 502-132 í stað 502-126 áður hjá þessum hópi. Þannig dró úr því innbyrðis ósamræmi sem hlaut milli þeirra sem heyrðu undir kjararáð fyrir gildistöku laga nr. 87/2009 og þeirra sem við bættust samkvæmt lögnum.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með fjármálastarfsemi í landinu og er hlutverk þess að efla traust og heilbrigði fjármáلامarkaðarins. Umfang starfseminnar hefur vaxið með auknum verkefnum og fleira starfsfólki og stofnunin hefur víðtækar eftirlits- og valdheimildir. Með hliðsjón af framansögðu telur kjararáð tilefni til að hækka heildarlaun forstjórans. Einingaverð hækkar og verður hið sama og hjá öðrum sem undir kjararáð heyra.

Að öðru leyti en hér kemur fram vísast til úrskurðar kjararáðs um almennar forsendur nr. 2010.4.001 sem gilda um laun og starfskjör forstjóra Fjármálaeftirlitsins.

Laun og starfskjör forstjóra Fjármálaeftirlitsins skulu því vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. júlí 2012 skulu mánaðarlaun forstjóra Fjármálaeftirlitsins vera samkvæmt launaflokki 502-139, nú 873.992 krónur. Að auki skal greiða honum 60 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu og álag er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-132, nú 6.918 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru miðuð við fullt starf þannig að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstjóra Fjármálaeftirlitsins gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Svanhildur Kaaber

Jónas Þór Guðmundsson

Kolbeinn H. Stefánsson